

## **Núgildandi 16. Gr. samkeppnisreglna**

### **16. Verk að lokinni samkeppni**

Miðað er við, að höfundur tillögu sem dómnefnd mælir með til útfærslu, verði ráðinn til verksins. Telji útbjóðandi höfund tillögu ekki hafa fullnægjandi reynslu til að taka að sér verkið, skal hann, í samráði við stjórn AÍ, gefa höfundi kost á að velja sér samstarfsmann með nægilega reynslu að mati stjórnar AÍ og útbjóðanda. Hafi útbjóðandi aðrar ástæður til að víkja frá meðmælum dómnefndar, skal hann hafa samráð við stjórn AÍ. Ef útbjóðandi óskar eftir að framkvæma samkvæmt annarri tillögu en þeirri sem dómnefnd mælir með getur hann keypt sig frá niðurstöðunni með því að greiða viðkomandi verðlaunahafa upphæð sem er jafnhá verðlaunum hans. Þetta á aðeins við um framkvæmdasamkeppnir. Dómnefndarmenn, ritari dómnefndar, ráðgjafar og þeir sem koma að undirbúningi samkeppninnar og aðrir þeim nátengdir, mega ekki taka verkið að sér.

### **Tillaga að breyttri 16. grein**

### **16. Verk að lokinni samkeppni**

Miðað er við, að höfundur tillögu sem dómnefnd mælir með til útfærslu, verði ráðinn til verksins. Telji útbjóðandi höfund tillögu ekki hafa fullnægjandi reynslu til að taka að sér verkið, skal hann, í samráði við stjórn AÍ, gefa höfundi kost á að velja sér samstarfsmann með nægilega reynslu að mati stjórnar AÍ og útbjóðanda. Hafi útbjóðandi aðrar ástæður til að víkja frá meðmælum dómnefndar og/eða ef útbjóðandi óskar eftir að framkvæma samkvæmt annarri tillögu en þeirri sem dómnefnd mælir með skal útbjóðandi ætíð boða stjórn AÍ og verðlaunahafa þeirrar tillögu sem dómnefnd mælir með saman á fund og rökstyðja ákvörðun sína. Útbjóðandi getur keypt sig frá niðurstöðu dómnefndar með því að greiða viðkomandi verðlaunahafa upphæð sem er jafnhá verðlaunum hans. Þetta á aðeins við um framkvæmdasamkeppnir. Dómnefndarmenn, ritari dómnefndar, ráðgjafar og þeir sem koma að undirbúningi samkeppninnar og aðrir þeim nátengdir, mega ekki taka verkið að sér.